

Skólaráðsfundur Leik- og grunnskóla

22. febrúar 2017 kl. 8:20-9:10.

Mættir: Björk, Sigga Lára, Kata Rós, Marie, Inga María, Elín Ósk, Eypór, María Björk, Kristín Ása, Sara Margrét, Sigga Vill og Eyrún.

Eitt mál á dagskrá: Kynna, ræða og skrifa umsögn um tillögur um stjórnskipulag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Umræðupunktur:

- Tillaga 2 lítið rædd. Skólaráð hefur ekki heyrt neinn sem myndi vilja sjá tillögu 2 áfram.
- Tillaga 1 og 3 ræddar og munurinn á þeim í framkvæmd. Kosta jafn mikið. Fulltrúi bendir á að lítið er farið yfir tillögu 3 í greinargerðinni.
- Fulltrúar foreldra sögðu frá: Foreldrafélagið hefur tekið ákvörðun að það vill sjá tillögu 1 í framkvæmd. 7 sem tóku afstöðu og allir sammála um tillaga 1 sé best. Tillaga 2 sýst, því þá vantar faglegan leiðtoga í leikskóla, ásamt viðveru skólastjóra. Mikilvægt að hann sé á báðum stöðum og taki þátt í skólastarfinu.
- Fulltrúar starfsmanna Skýjaborgar ræðir að starfsfólk Skýjaborgar sér ekki að starfsfólk geti flætt á milli stofnanna. Það var rætt að það er mikilvægt í stoðþjónustunni. Reynt var með almenna starfsmenn fyrsta árið eftir sameiningu og það gekk ekki vel.
- Fulltrúar nemenda lýst best á tillögu 1.
- Starfsfólk ræðir að það finnst það hafa kynnst betur leikskólastarfi eftir sameiningu og meiri skilningur á starfi hvors skólustigs fyrir sig.
- Rætt var hvað er gott utanumhald barna frá byrjun leikskóla til loka grunnskóla með nemendaverndarráðsfundum.
- Stoðþjónustan rædd og mikilvægi hennar, skólaráðið spyr sig hvernig fer með stoðþjónustuna í tillögu 3?

Umsögn rituð:

Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar vill benda á að það hefði mátt kynna betur tillögu 3 og sjá betur muninn á tillögu 1 og 3. Skólaráð leik- og grunnskóla mælir með tillögu 1 miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Ráðinu hugnast ekki tillaga 2.

Skólaráði þykir miður að ekki tókst að kynna betur tillögurnar fyrir foreldrasamfélaginu.

Ráðið fagnar faglegri endurskoðun á skipuriti Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Fundi slitið.